



Borgarráð

Tónlistarfélag Árbæjar - tónlistarmiðstöð fyrir ungt fólk

Lagt er til að borgarráð samþykki fjárveitingu til Tónlistarfélags Árbæjar vegna leigu á húsnæði við Stangarhyl fyrir tónlistarmiðstöð fyrir ungt fólk. Menningar-, íþróttá- og tómstundarráð hefur samþykkt að styrkja stafsemina um 2,5 m.kr. Lagt er til að borgarráð samþykki að gera þriggja ára samning um tilraunaverkefni með viðbótarstyrk árið 2019 að upphæð 5 m.kr. og síðar styrk 2020 og 2021 að upphæð 6.5 m.kr. á ári að því gefnu að styrkur menningar-, íþróttá- og tómstundarráðs haldist óbreyttur. Lagt er til að sviðstjóra íþróttá- og tómstundasviðs verði falið að gera samning við Tónlistarfélag Árbæjar og hafa eftirfylgni með samningnum. Viðauki fylgir tillögunni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tónlistarfélag Árbæjar, markmið og stefna, dags. júní 2018

Umsögn sviðstjóra íþróttá- og tómstundasviðs, dags. 18. mars 2019

Umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 1. apríl 2019

Janfréttisskimun vegna tillögunar, dags. 26. mars 2019



Tónlistarfélag Árbæjar

Markmið og stefna

JÚNÍ 2018



STJÓRN FÉLAGSINS 2018 - 2019

Formaður:	Kristján Sturla Bjarnason
Varaformaður:	Andri Már Magnason
Meðstjórnandi:	Brynjar Ingi Unnsteinsson
Meðstjórnandi:	Pétur Finnbogason
Meðstjórnandi:	Ásgrímur Geir Logason
Varamaður:	Jón Birgir Eiríksson
Varamaður:	Kjartan Stefánsson



Hlutverk og markmið

Hlutverk Tónlistarfélags Árbæjar er að efla tónlistarlíf hjá ungu fólki í Árbænum.

Meginmarkmið Tónlistarfélagsins er að vekja áhuga, hvetja og efla ungt fólk í Árbæjarhverfi til iðkunar tónlistar, sjálfum sér og öðrum til ánægju og aukins þroska og auðga um leið menningarlíf hverfisins.

Í því skyni mun Tónlistarfélagið leggja áherslu á eftirfarandi meginatriði:

1. Að standa fyrir og styðja við tónlistarviðburði sem snúa að ungu fólki í Árbænum.
2. Að byggja upp aðstöðu þar sem ungt fólk getur skapað, iðkað og tekið upp tónlist.
3. Að styðja, leiðbeina og hvetja ungt fólk í Árbænum til tónlistariðkunar.

Með þessi markmið að leiðarljósi, mun Tónlistarfélagið taka virkan þátt í að byggja upp samfélag einstaklinga sem hafa áhuga á tónlist og tónlistariðkun. Áhugi á tónlist þarf ekki bara að einskorðast við hljóðfæraleikara, heldur getur einnig verið um að ræða tæknimenn, upptökustjóra, útsetjara, lagahöfunda, umboðsmennsku, kynningarfulltrúa, viðburðarstjóra, rötara og alla sem áhuga hafa á tónlist og vilja taka þátt.



Framtíðarsýn

Framtíðarsýn félagsins er að Árbæjarhverfið verði þekkt fyrir öflugt tónlistar- og menningarlíf með áherslu á ungt fólk og á næstu 5 árum muni félagið jafnframt hafa víkkað starfsemina út, m.a. á sviði kvikmynda- og sviðslista .

Félagið vill geta boðið upp á fjölbreytt og kraftmikið tómstundastarf tengt listsköpun á sviði tónlistar og tengdra greina þar sem þátttakendur geta vaxið og dafnað í góðum félagsskap. Félagið vill einnig sjá sérhæft tónlistar- og leikhús í Árbænum, hafa reglulega fasta tónlistarviðburði og hjálpa til við útgáfu á tónlist með ungu fólki.

Félagið vill fyrst og fremst sjá meiri tónlist, meiri sköpun og meiri áherslu á ungt fólk í hverfinu sem getur verið fyrirmynd og hvatning fyrir aðra aðila víðsvegar um landið.

*Virðingarfyllt,
stjórn og stofnendur Tónlistarfélags Árbæjar
22. júní 2018*

Tónlistarmiðstöð ungs fólks í Árbæ

Drög og tillögur að uppbyggingu aðstöðu

Um hvað snýst verkefnið

Um er að ræða aðstöðu í Árbæjarhverfi þar sem ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára getur komið og skapað, tekið upp og æft tónlist. Starfsemin væri einnig í boði fyrir yngri en 16 ára og eldri en 25 ára en með öðrum áherslum. Yngri einstaklingar væru í skipulagðara starfi og eldri en 25 ára gætu leigt æfingaraðstöðu. Húsnæðið væri einnig höfuðstöðvar Tónlistarfélags Árbæjar en það félag hefur það að markmiði að efla tónlistarlíf í Reykjavík þar sem ungt fólk er sett í öndvegi. Í húsnæðinu væri einnig félagsaðstaða, fræðslumiðstöð og tónleikasalur.

Þrískipting húsnæðis

Æfingaraðstaða

Æfingaraðstaðan væri fyrsta flokks og væri um nokkur rými að ræða. Hvert rými væri innréttað eins og best verður á kosið með hljóðkerfi, trommusetti og mögnurum. Hljómsveitarmeðlimir kæmu sjálfir með hljóðfæri. Hvert rými væri leigt út til um þriggja banda í senn sem fengu úthlutað hvert sínum tíma í vikunni.

Upptökuaðstaða

Upptökuaðstaðan væri einnig fyrsta flokks. Þar væri um að ræða tvær tegundir af rýmum. Annars vegar þar sem iðkendur myndu sjálfir mæta með sína tölvu en myndu þá fá aðgang að hátölurum, skrifborði og sér herbergi og hins vegar væri stúdíóaðstaða þar sem allt væri til alls. Í því rými væri tölva, stúdíóhátalarar, upptökuhljóðnemi, hljómborð og fleira sem passar inn í svona rými. Þessi rými væru síðan í boði fyrir iðkendur.

Félags- og tónleikaaðstaða

Einnig væri í boði félags- og tónleikaaðstaða. Þar væru sófar, stólar og borð ásamt sviði, hljóðkerfi og ljósum. Þar væru haldnir tónleikar og gæti salurinn tekið um 150 manns. Iðkendur gætu síðan slakað á milli æfinga, hitt aðra tónlistarmenn eða skipulagt viðburði.

Útfærsla með skýringarmyndum



Mynd 1: Upptökurýmin

Hugmyndin er sú að hafa upptökurýmin einföld og snyrtileg með þeim búnaði sem þarf til að taka upp tónlist í góðum gæðum. Með því að leggja alúð í rýmin og hafa þau flott er verið að bjóða upp á aðstöðu sem þú færð ekki heima hjá þér. Strangar umgengnisreglur væru í rýminu og væru þátttakendur hvattir til að ganga vel um í hvívetna. Um væri að ræða nokkur svona herbergi og þá mögulega eitt herbergi sem væri svokallað A stúdío sem væri stærra. Hér fyrir ofan má sjá dæmi um snyrtilega upptökuaðstöðu þar sem einnig er hægt að semja tónlist beint í tölvunni.



Mynd 2: Æfingarými

Æfingarýmin væru einnig snyrtilæg og flott. Þar væri leitast við að hanna rýmin þannig að hljómburður væri góður ásamt því að hafa fyrsta flokks búnað sem myndi þola mikla notkun. Þar væru einnig strangar reglur og væri mikilvægt að ganga vel um. Öll rýmin væru með eins búnaði en möguleiki væri einnig að bjóða upp á eitt stærra rými fyrir stærri hljómsveitir. Hér fyrir ofan á mynd 2 má sjá dæmi um æfingarými.



Mynd 3: Félagsaðstaðan

Tónlist sameinar fólk og í félagsaðstöðunni gætu einstaklingar hisst og borið saman bækur sínar. Þar væri einnig hægt að halda opin námskeið fyrir meðlimi félagsins ásamt því að halda litla tónleika. Lagt væri upp með að hafa aðstöðuna lifandi og flotta og tengja hana við tónlist á sem fjölbreyttasta máta. Myndir á veggjum og fleira sem myndi veita meðlimum innblástur. Þarna væri líka fundarherbergi þar sem nefndir félagsins gætu fundað.

Þátttakendur í starfinu

Fjöldi þátttakenda væri breytilegur eftir tímabilum, verkefnum og því sem væri í gangi hverju sinni. Starfsemin er annars vegar hugsuð sem aðstaða sem ungir tónlistarmenn geta nýtt í frítíma sínum og hins vegar sem afmörkuð verkefni eða námskeið. Dæmi um afmörkuð verkefni væri t.d. viðburður eins og Stíflan og dæmi um námskeið væri t.d. upptökunámskeið. Markhópurinn fyrir aðstöðuna væri fyrst og fremst hinn svokallaði 16+ hópur (16 - 25 ára) en fyrir grunnskólaaldurinn væri starfið sértækara og verkefnaþrjú. Áætlaður fjöldi þátttakenda gæti því orðið ansi mikill í stórum verkefnum og er hugmyndin að reyna að virkja sem flesta. Einnig er stefnan að notendur taki þátt í að skipuleggja starfsemina og komi mikið að verkefnum.

Þeir sem koma að verkefninu

Kristján Sturla Bjarnason

Hefur starfað í tónlist lengi og spilað með mörgum tónlistarmönnum ásamt því að hafa samið tónlist fyrir fjölda sjónvarpsþátta og kvikmynda. Hann starfar í Árbæjarskóla sem frístundaráðgjafi og kennari ásamt því að vera starfandi tónlistarmaður. Fyrir það starfaði Kristján í félagsmiðstöðinni Tíunni ásamt því að leysa þar af sem forstöðumaður í tvö ár. Kristján útskrifaðist með BS í sálfræði úr Háskóla Íslands 2009 og er nú í kennaranámi.

Andri Már Magnason

Andri Már hefur verið lengi í tónlistargeiranum og spilað í mörgum böndum. Andri er starfandi í Árbæjarskóla en vann fyrir það í félagsmiðstöðinni Holtinu í nokkur ár. Andri er með BA gráðu í félagsfræði úr Háskóla Íslands og er nú í kennaranámi í HÍ.

Pétur Finnbogason

Pétur hefur einnig verið lengi í tónlistargeiranum, spilað í hljómsveitum og sungið með mörgum böndum. Hann starfar sem forstöðumaður yfir frístundaheimilinu Klapparholti. Hann er með BA í félagsfræði.

Brynjar Ingi Unnsteinsson

Brynjar hefur starfað í tónlist lengi og spilað með mörgum böndum. Hann starfar nú í Árbæjarskóla en starfaði fyrir það í félagsmiðstöðinni Fjörgyn þar sem hann leysti af síðasta árið sitt sem forstöðumaður. Brynjar útskrifaðist með BA í Music Technology úr Rose Bruford háskólanum á Englandi. Hann er nú að ná sér í kennararéttindi í Háskóla Íslands.

Ásgrímur Geir Logason

Ásgrímur Geir hefur starfað í tónlist en einnig sem leikari. Hann starfar nú í Árbæjarskóla sem leiklistar og tónmenntakennari. Fyrir það vann hann í félagsmiðstöðinni Tíunni. Ásgrímur er útskrifaður sem leikari úr Rose Bruford háskólanum á Englandi.


Kristján, Brynjar og Ásgrímur hafa einnig leigt út æfingarhúsnæði í bænum ásamt stúdíaaðstöðu þar sem hljómsveitir á borð við Nýdönsk, Retro Stefsson, Stuðmenn, Jón Jónsson, Friðrik Dór, Jón Ólafsson, Úlfur Úlfur og fleiri bönd hafa æft. Hægt er að fá meðmæli frá þeim böndum sé þess óskað.

Fleiri koma einnig beint og óbeint að verkefninu má þar nefna Kareni Sif Heimisdóttur, Kjartan Stefánsson, Jón Birgir Eiríksson og Guðfinnu Birtu Valgeirsdóttur ásamt miklum fjölda ungs fólks sem vilja leggja hönd á plóg. Hugmyndin er einnig að virkja fólk í hverfinu og þá sérstaklega ungt fólk sem kæmi að skipulagningu og uppbyggingu á húsnæðinu.

Stíflan 2018

Hér má sjá nokkrar myndir frá Stíflunni 2018 sem var haldin síðasta sumar. Hugmyndin með þeim viðburði var að leiða saman óreynda og reynda tónlistarmenn og búa til dagskrá fyrir alla fjölskylduna með áherslu á ungvíðið. Lagt var upp með að hafa umgjörðina flotta ásamt því að hafa staðsetninguna óhefðbundna en tónleikarnir voru haldnir efst í Elliðaárdalnum fyrir ofan sundlaugina. Veðrið lék við hvurn sinn fingur og mættu um 2000 manns á hátíðina. Tónlistarfélagið ætlar að leggja upp með fleiri svona viðburði og mun því húsnaðið koma að góðum notum.





Rekstraráætlun 2019 (drög)

Tónlistarfélag Árbæjar		
660618-0150		
Stofnkostnaður		
Húsaleiga trygging	2,236,800 kr.	(2 mánuðir - áætlað)
Innréttingar	3,000,000 kr.	Vinna, milliveggir, teppi, málning og fleira
Græjur	1,500,000 kr.	Upptökugræjur, hljóðfæri og hljóðkerfi
Annað	500,000 kr.	Annað tilfallandi
Samtals	7,236,800 kr.	
Kostnaður á mánuði		Skýring
Húsaleiga	745,600 kr.	Fyrsta greiðsla 928,272 kr. en fyrstu tveir fríir.
Rafmagn og hiti	50,000 kr.	
Starfsmaður/laun (1x100%)	400,000 kr.	Hér er miðað við laun fristundaráðgjafa samkv. launatöflu Rvkborgar. Þetta gæti komið inn seinna.
Skrifstofukostnaður	25,000 kr.	Net og fleira.
Viðhald á búnaði	50,000 kr.	Strengir, forrit, snúrur og fleira.
Annað	150,000 kr.	Öryggiskerfi, markaðsmál og fleira.
Samtals á mánuði	1,420,600 kr.	
Tekjur á mánuði*	<i>Áætlun</i>	Skýring
Reykjavíkurborg	800,000 kr.	Leiga, hiti og rafmagn.
Almennir styrkir	150,000 kr.	Styrkir sem tengjast ákveðnum verkefnum (deilt á mánuði).
Námskeið/fræðsla	250,000 kr.	Upptöku, tónlistar, söng og fleiri námskeið.
Æfingarhúsn/stúdíó leiga	300,000 kr.	Leiga á æfingarhúsnæði fyrir hljómsveitir 16+
Bakhjarlar	350,000 kr.	Fyrirtæki í hverfinu og aðrir sem vilja leggja félaginu lið
Stúdíó leiga	150,000 kr.	Leiga á stúdíóum fyrir utanaðkomandi aðila.
Samtals á mánuði	2,000,000 kr.	<i>Afgangur færir allur í starfseminu.</i>



Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tómsfundasvið

Málsnr.: R191030193
Skjalasafn Ráðhúss
18. mars 2019
Bréfalykill: 3540

Borgarráð

Reykjavík, 18. mars 2019.

Efni: Tónlistarfélag Árbæjar


Lagt er til við borgarráð að það samþykki styrk til Tónlistarfélags Árbæjar vegna leigu á húsnæði fyrir tónlistarmiðstöð fyrir ungt fólk, þar sem það getur komið og iðkað og tekið upp sína eigin tónlist undir handleiðslu tónlistarmanna.

Húsnæðið sem um ræðir er við Stangarhýl og liggur vel við samgöngum úr Árbæ, Breiðholti, Grafarvogi og Grafarholti.

Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð hefur samþykkt styrk að upphæð 2.5 mkr. vegna starfseminnar.

Lagt er til að gerður verði þriggja ára samningur um tilraunaverkefni með viðbótarstyrk árið 2019 að upphæð 5.0 mkr. og síðar styrk 2020 og 2021 að upphæð 6.5 mkr. á ári, miðað við að styrkur MÍT haldist óbreyttur.

Sviðsstjóra ÍTR verði falið að gera samning við Tónlistarfélagið og hafa eftirfylgd með samningnum líkt og með Tónlistarþróunarmiðstöðinni.


Ómar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík



Umsögn

Efni: Tónlistarfélag Árbæjar styrkbeiðni

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Borgarráði hefur borist erindi frá ÍTR dags 18.03.2019 með ósk um styrk til Tónlistarfélags Árbæjar vegna leigu á húsnæði í Stangarhyl fyrir tónlistarmiðstöð fyrir ungt fólk þar sem það getur komið og iðkað og tekið upp sína eigin tónlist undir handleiðslu tónlistamanna. ÍTR leggur til að gerður verði þriggja ára samningur um verkefnið með styrk að fjárhæð 5,0 m.kr. árið 2019 og styrk að fjárhæð 6,5 m.kr. árin 2020 og 2021. Miðað er við að styrkur frá menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs (MÍT) að fjárhæð 2,5 m.kr. haldist óbreyttur.

Umsögn:

Í skýrslunni Tónlistarfélag Árbæjar; markmið og stefna frá júní 2018 er sett fram rekstraráætlun ársins 2018. Skv. fjármálastjóra ÍTR hefur rekstraráætlun verið uppfærð og er Tónlistarfélagið búið að finna húsnæði, fyrir liggja drög af samningi og er gert ráð fyrir að styrkir dekki húsaleigu, hita og rafmagn hluta árs 2019 og árin 2020 og 2021.

Búið er að jafnréttisskima tillöguna í samræmi við reglur þar sem kemur fram að tillagan miði af því að virkja allt ungt fólk til tónlistariðkunar.

Vakin er athygli á því að þetta verkefni á sér langan aðdraganda og það hefði verið eðlilegra að mati fjármálaskrifstofu að umræða um forgagnsröðun á þessu verkefni inn í fjárhagsáætlun hefði verið tekin við undirbúning fjárhagsáætlunar eins og gert er ráð fyrir í markmiðum borgarinnar um rammastjórnun.

Fjármagn er til á liðnum ófyrirséð árið 2019 til þess að mæta þessum kostnaði.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	
Svið:	
Unnið af:	
Verkefni/tillaga:	
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.